

Samþykkt um viðtalstíma bæjarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar 2014-2018.

1. Markmið.

Tilgangur viðtalstímanna er að opna betur stjórnslu kaupstaðarins fyrir íbúa, í þeim tilgangi að þeir geti komið á framfæri hugmyndum eða fengið aðstoð bæjarfulltrúa við að koma ákveðnum málefnum formlega fyrir stjórnslu kaupstaðarins.

2. Viðtalstímar.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa verða einu sinni í mánuði yfir vetrartímann þ.e. október til og með apríl, þann miðvikudag sem bæjarstjórnarfundur er haldinn kl. 15:00. Viðtalstímarnir verða auglýstir á heimasíðu kaupstaðarins. Í þeim kemur fram auk staðsetningar og tímasetningar hvaða bæjarfulltrúar eru til viðtals í hverjum tíma.

3. Fyrirkomulag.

Í viðtalstímum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals samtímis, annar fulltrúinn frá meirihluta og hinn frá minnihluta. Bæjarfulltrúarnir skrá framkomin erindi á þar til gerð eyðublöð sem skilað er til bæjarstjóra. Hann leggur þau fram í stjórnslu kaupstaðarins eftir því sem við á.

4. Staðsetning.

Viðtalstímarnir fara fram í fundarsal íþróttamiðstöðvarinnar nema annað sé auglýst.

4. Áætlun.

Bæjarráð leggur áætlun um mönnun viðtalstíma fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

Samþykkt í bæjarstjórn 13. ágúst 2014.